

**Gátlisti fyrir einhverfu hjá smábörnum,
breyttur og endurskoðaður með eftirfylgdarviðtali**

Modified Checklist for Autism in Toddlers, Revised with Follow-Up

(M-CHAT-R/F)TM

Diana L. Robins, Ph.D.
Deborah Fein, Ph.D.
Marianne Barton, PH.D.

Höfundar þakka M-CHAT rannsóknarhópnum á Spáni fyrir að þróa flæðiritið sem er notað í þessu skjali.

Frekari upplýsingar má nálgast á www.mchatscreen.com
eða með því að hafa samband við Diana Robins, mchatscreen2009@gmail.com

Leyfi fyrir notkun M-CHAT-R/FTM

Gátlisti fyrir einhverfu hjá smábörnum, breyttur og endurskoðaður með eftirfylgdarviðtali (M-CHAT-R/F; Robins, Fein, & Barton, 2009) er tveggja þrepa skimunartæki sem byggir á upplýsingum frá foreldrum og er ætlað að meta áhættu fyrir einhverfurófsröskun (ER). M-CHAT-R/F má hala niður frítt til klínískrar notkunar, rannsókna eða fræðslu. Heimilt er að hala niður M-CHAT-R/F og tengt efni frá www.mchatscreen.com.

M-CHAT-R/F nýtur höfundarréttarverndar og við notkun tækisins verður að fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

- (1) Við fjölföldun/prentun á M-CHAT-R verður að koma fram tilvísun til höfundarréttar neðst á skjalinu (© 2009 Robins, Fein, & Barton). Breytingar á einstökum atriðum, fyrirmælum eða röð atriða eru óheimilar án leyfis höfunda.
- (2) M-CHAT-R verður að nota sem eina heild. Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að notkun á einhverjum hluta spurninganna hafi ekki í för með sér fullnægjandi próffræðilega eiginleika.
- (3) Þeir sem hafa áhuga á að birta M-CHAT-R/F á prenti (t.d. í bók eða tímaritsgrein), eða rafrænt til notkunar fyrir aðra (t.d. sem hluta af stafrænni sjúkraskýrslu eða öðrum hugbúnaði), verða að hafa samband við Diana Robins til þess að fá leyfi (mcharscreen2009@gmail.com).
- (4) Ef þú starfar á heilbrigðissviði og vilt tengja fyrsta stig M-CHAT-R spurningalistans við rafræna sjúkraskrá í starfsemi þinni, þá er þér velkomið að gera það. Ef þú vilt hins vegar dreifa rafrænu síðunni til aðila utan starfsemi þinnar, hafðu þá vinsamlega samband við Diana Robins með beiðni um formlegt leyfi.

Leiðbeiningar um notkun

Hægt er að leggja M-CHAT-R fyrir og skora sem hluta heimsóknar í ung- og smábarnavernd, en fagfólk á öðrum vettvangi getur einnig notað tækið til þess að meta áhættu fyrir ER. Megin markmið M-CHAT-R er að hámarka næmi, sem felst í því að finna eins mörg tilfelli ER og kostur er. Þess vegna er hlutfall falskt jákvæðra hátt, sem þýðir að sum börn með skor sem gefur til kynna áhættu munu ekki greinast með ER. Til að taka á þessu höfum við þróað eftirfylgdarspurningar (M-CHAT-R/F). Notendur þurfa samt að átta sig á því að jafnvel með eftirfylgdarviðtalinu mun talsverður fjöldi barna, sem skimast jákvætt á M-CHAT-R, ekki verða greind með ER. Þessi börn eru engu að síður í verulegri áhættu fyrir aðrar þroskaraskanir eða seinkun í þroska og þar af leiðandi á frekara mat rétt á sér fyrir öll börn sem skimast jákvætt. Hægt er að skora M-CHAT-R innan tveggja mínútna. Leiðbeiningum um skorun má hala niður frá <http://www.mchatscreen.com>. Tengd skjöl eru einnig aðgengileg til niðurrhals.

Skorunarlykill

Fyrir öll atriði nema 2, 5 og 12 gefur svarið „NEI“ til kynna áhættu fyrir ER; fyrir atriði 2, 5 og 12 gefur „JÁ“ til kynna áhættu fyrir ER. Eftirfarandi skorunarlykill skilar bestu próffræðilegu eiginleikum fyrir M-CHAT-R:

- LÍTIL ÁHÆTTA:** **Heildarskor er 0-2;** ef barnið er yngra en 24 mánaða, skimið aftur eftir tveggja ára afmælið. Engra frekari aðgerða er þörf nema eftirlit með þroska gefi til kynna áhættu fyrir ER.
- MIÐLUNGS ÁHÆTTA:** **Heildarskor er 3-7;** leggið eftirfylgdarviðtalið fyrir (stig tvö: M-CHAT-R/F) til að fá viðbótar upplýsingar um svör sem tengjast áhættu. Ef M-CHAT-R/F skor er 2 eða hærra að því loknu, hefur barnið skimast jákvætt. Aðgerðir: Vísið barninu í frekari athugun/greiningu og mat á þörf fyrir snemmtækra íhlutun. Ef skor eftir viðtalið er 0-1 hefur barnið skimast neikvætt. Engra frekari aðgerða er þörf nema reglubundið eftirlit með þroska gefi til kynna áhættu fyrir ER. Skima ætti barnið aftur í næstu heimsókn í ung- og smábarnavernd.
- MIKIL ÁHÆTTA:** **Heildarskor er 8-20;** það er heimilt að sleppa eftirfylgdarviðtalinu og vísa barninu beint í greiningu og mat á þörf fyrir snemmtækra íhlutun.

M-CHAT-R™

Vinsamlega svaraðu eftirfarandi spurningum um barnið þitt. Hafðu í huga hvernig barnið hegðar sér venjulega. Ef þú hefur séð tiltekna hegðun hjá barninu í nokkur skipti, en það sýnir hana ekki venjulega, svaraðu þá **nei**. Vinsamlega gerðu hring um **já** eða **nei** fyrir hverja spurningu. Takk fyrir.

1.	Þegar þú bendir á eitthvað hinum megin í herberginu, horfir barnið á það? (TIL DÆMIS , þegar þú bendir á leikfang eða dýr, horfir barnið á leikfangið eða dýrið?)	Já	Nei
2.	Hefur þú einhvern tíma velt fyrir þér hvort barnið gæti verið heyrnarskert?	Já	Nei
3.	Leikur barnið þykjustu- eða ímyndunarleiki? (TIL DÆMIS , þykjast drekka úr tómum bolla, þykjast tala í síma eða þykjast mata dúkku eða tuskudýr?)	Já	Nei
4.	Finnst barninu gaman að klifra? (TIL DÆMIS , á húsgögnum, í útileiktækum eða í stigum)	Já	Nei
5.	Sýnir barnið <u>óvenjulegar</u> fingrahreyfingar nálægt augunum? (TIL DÆMIS , hristir barnið fingurna hratt upp og niður nálægt augunum?)	Já	Nei
6.	Bendir barnið með einum fingri til að biðja um eitthvað eða til að fá hjálp? (TIL DÆMIS , að benda á snakk/nammi eða leikfang sem er utan seilingar)	Já	Nei
7.	Bendir barnið með einum fingri til þess að sýna þér eitthvað áhugavert? (TIL DÆMIS , að benda á flugvél á lofti eða stóran vörubíl á veginum)	Já	Nei
8.	Hefur barnið áhuga á öðrum börnum? (TIL DÆMIS , horfir barnið á önnur börn, brosir til þeirra eða fer til þeirra?)	Já	Nei
9.	Sýnir barnið þér hluti með því að koma með þá til þín eða að halda þeim á lofti svo þú getir séð þá – ekki til að fá hjálp, bara til að deila með þér? (TIL DÆMIS , að sýna þér blóm, tuskudýr, eða leikfangabíl)	Já	Nei
10.	Bregst barnið við nafninu sínu þegar þú kallar? (TIL DÆMIS , lítur það upp, talar, bablar, eða hættir því sem það er að gera þegar þú kallar á það með nafni?)	Já	Nei
11.	Þegar þú brosir til barnsins, brosir það til baka?	Já	Nei
12.	Kemur hversdagslegur hávaði barninu í uppnám? (TIL DÆMIS , öskrar barnið eða grætur vegna hávaða í ryksugu eða háværrar tónlistar?)	Já	Nei
13.	Gengur barnið óstutt?	Já	Nei
14.	Horfir barnið í augun á þér þegar þú talar við það, leikur við það eða klæðir það?	Já	Nei
15.	Reynir barnið að herma eftir því sem þú gerir? (TIL DÆMIS , vinka bless, klappa, eða framkalla skemmtileg/sniðug hljóð þegar þú gerir það)	Já	Nei
16.	Þegar þú snýrð höfðinu til þess að horfa á eitthvað, horfir barnið í kringum sig til þess að sjá hvað þú ert að horfa á?	Já	Nei
17.	Reynir barnið að fá þig til að horfa á sig? (TIL DÆMIS , horfir barnið á þig til að fá hrós eða segir „sjáðu“ eða „sjáðu mig“?)	Já	Nei
18.	Skilur barnið þegar þú segir því að gera eitthvað? (TIL DÆMIS , ef þú bendir ekki, getur barnið skilið „settu bókina á stólinn“ eða „komdu með teppið til mín“?)	Já	Nei
19.	Þegar eitthvað nýtt gerist, horfir barnið framan í þig til þess að sjá hvað þér finnst um það? (TIL DÆMIS , þegar það heyrir skrýtin eða skemmtileg hljóð eða sér nýtt leikfang, horfir það þá framan í þig?)	Já	Nei
20.	Finnst barninu hreyfileikur skemmtilegur? (TIL DÆMIS , að láta sveifla sér eða vera hossað á hnjónum þínum)	Já	Nei

M-CHAT-R Eftirfylgdarviðtal (M-CHAT-R/F)TM

Leyfi til notkunar

Gátlista fyrir einhverfu hjá smábörnum, breyttum og endurskoðuðum með eftirfylgdarviðtali (M-CHAT-R/F; Robins, Fein, & Barton, 2009), er hægt er að hala niður af www.mchatscreen.com.

M-CHAT-R/F nýtur höfundarréttar og notkun tækisins lýtur þeim skilyrðum sem höfundar og rétthafar hafa sett. M-CHAT-R og M-CHAT-R/F má nota í klínísku starfi, rannsóknum eða fræðslu. Þó svo að við höfum gert tækið aðgengilegt og boðið það ókeypis í þessum tilgangi, nýtur efnið höfundarréttarverndar sem þarf að virða. Þeir sem hafa áhuga á að nota M-CHAT-R/F í viðskiptum eða sem rafræna vöru verða að hafa samband við Diana L. Robins DianaLRobins@gmail.com til þess að biðja um leyfi.

Leiðbeiningar um notkun

Eftirfylgdarviðtalið er ætlað til notkunar með M-CHAT-R og kallast þá M-CHAT-R/F. M-CHAT-R er gilt til skimunar ungbarna á aldrinum 16 til 30 mánaða, til þess að meta áhættu á einhverfurófsröskun (ER). Notendur þurfa að átta sig á því að jafnvel með eftirfylgdarviðtalinu mun talsverður fjöldi barna, sem skimast jákvætt á M-CHAT-R, ekki verða greind með ER. Þessi börn eru engu að síður í áhættu fyrir aðrar þroskaraskanir eða seinkun í þroska og því á frekara mat rétt á sér fyrir öll börn sem skimast jákvætt.

Þegar foreldri hefur lokið við að fylla út M-CHAT-R er tækið skorað í samræmi við reglur þar að lútandi. Ef barnið skimast jákvætt, veldu þá atriði úr eftirfylgdarviðtalinu sem samræmast þeim atriðum sem barnið stóðst ekki við skimun með M-CHAT-R. Í viðtalinu þarf aðeins að fara yfir þau atriði sem barnið stóðst ekki upphaflega.

Hver blaðsíða í viðtalinu samræmist einu atriði á M-CHAT-R. Fylgdu flæðiritinu og leggðu fyrir spurningar þar til búið er að skora STENST eða STENST EKKI. Vinsamlega athugaðu að foreldrar geta sagt „kannski“ í svörum við spurningum viðtalsins. Þegar foreldrar segja „kannski“ spurðu þá hvort svarið sé oftast „já“ eða „nei“ og haltu viðtalinu áfram í samræmi við það svar. Þar sem er boðið er upp á að tilgreina „annað“ sem svarmöguleika verður spyrjandinn að notað eigið hyggjuvit til þess að ákvarða hvort svarið samræmist „stenst“ eða ekki.


Skoraðu svör við hverju atriði á M-CHAT-R/F skorunarblaðinu (sem samanstandur af sömu atriðum og M-CHAT-R, en þar sem Já/Nei hefur verið skipt út fyrir Stenst/Stenst ekki). Litið er svo á að barnið hafi skimast jákvætt í eftirfylgdarviðtalinu ef það stenst ekki einhver tvö atriði. Ef barn skimast jákvætt á M-CHAT-R/F er sterklega mælt með því að barninu sé vísað í snemmtæka íhlutun og greiningu eins fljótt og auðið er. **Vinsamlega athugið að ef starfsmaður á heilbrigðissviði eða foreldri hefur áhyggjur af ER hjá barni, ætti að vísa því í nánari athugun óháð skori á M-CHAT-R eða M-CHAT-R/F.**

M-CHAT-R Eftirfylgdarviðtal™ Skorunarblað

Vinsamlega athugið: Já/Nei hefur verið skipt út fyrir Stenst (St)/Stenst ekki (St e)

1.	Þegar þú bendir á eitthvað hinum megin í herberginu, horfir barnið á það? (TIL DÆMIS, þegar þú bendir á leikfang eða dýr, horfir barnið á leikfangið eða dýrið?)	St	St e
2.	Hefur þú einhvern tíma velt fyrir þér hvort barnið gæti verið heyrnarskert?	St	St e
3.	Leikur barnið þykjustu- eða ímyndunarleiki? (TIL DÆMIS, þykjast drekka úr tómum bolla, þykjast tala í síma eða þykjast mata dúkku eða tuskudýr?)	St	St e
4.	Finnst barninu gaman að klifra? (TIL DÆMIS, á húsgögnum, í útileiktækum eða í stigum)	St	St e
5.	Sýnir barnið óvenjulegar fingrahreyfingar nálægt augunum? (TIL DÆMIS, hristir barnið fingurna hratt upp og niður nálægt augunum?)	St	St e
6.	Bendir barnið með einum fingri til að biðja um eitthvað eða til að fá hjálp? (TIL DÆMIS, að benda á snakk/nammi eða leikfang sem er utan seilingar)	St	St e
7.	Bendir barnið með einum fingri til þess að sýna þér eitthvað áhugavert? (TIL DÆMIS, að benda á flugvél á lofti eða stóran vörubíl á veginum)	St	St e
8.	Hefur barnið áhuga á öðrum börnum? (TIL DÆMIS, horfir barnið á önnur börn, brosir til þeirra eða fer til þeirra?)	St	St e
9.	Sýnir barnið þér hluti með því að koma með þá til þín eða að halda þeim á lofti svo þú getir séð þá – ekki til að fá hjálp, bara til að deila með þér? (TIL DÆMIS, að sýna þér blóm, tuskudýr, eða leikfangabíl)	St	St e
10.	Bregst barnið við nafninu sínu þegar þú kallar? (TIL DÆMIS, lítur það upp, talar, bablar, eða hættir því sem það er að gera þegar þú kallar á það með nafni?)	St	St e
11.	Þegar þú brosir til barnsins, brosir það til baka?	St	St e
12.	Kemur hversdagslegur hávaði barninu í uppnám? (TIL DÆMIS, öskrar barnið eða grætur vegna hávaða í ryksugu eða háværrar tónlistar?)	St	St e
13.	Gengur barnið óstutt?	St	St e
14.	Horfir barnið í augun á þér þegar þú talar við það, leikur við það eða klæðir það?	St	St e
15.	Reynir barnið að herma eftir því sem þú gerir? (TIL DÆMIS, vinka bless, klappa, eða framkalla skemmtileg/sniðug hljóð þegar þú gerir það)	St	St e
16.	Þegar þú snýrð höfðinu til þess að horfa á eitthvað, horfir barnið í kringum sig til þess að sjá hvað þú ert að horfa á?	St	St e
17.	Reynir barnið að fá þig til að horfa á sig? (TIL DÆMIS, horfir barnið á þig til að fá hrós eða segir „sjáðu“ eða „sjáðu mig“?)	St	St e
18.	Skilur barnið þegar þú segir því að gera eitthvað? (TIL DÆMIS, ef þú bendir ekki, getur barnið skilið „settu bókina á stólinn“ eða „komdu með teppið til mín“?)	St	St e
19.	Þegar eitthvað nýtt gerist, horfir barnið framan í þig til þess að sjá hvað þér finnst um það? (TIL DÆMIS, þegar það heyrir skrýtin eða skemmtileg hljóð eða sér nýtt leikfang, horfir það þá framan í þig?)	St	St e
20.	Finnst barninu hreyfileikur skemmtilegur? (TIL DÆMIS, að láta sveifla sér eða vera hossað á hnjónum þínum)	St	St e

1. Þegar þú bendir á eitthvað hinum megin í herberginu, horfir _____ á það?



2. Þú greindir frá því að þú hefðir velt fyrir þér hvort barnið væri heyrnarskert. Hvað fékk þig til þess að velta því fyrir þér?

Kemur oft fyrir að hann/hún hinsi:		
Hljóð?	Já ☐	Nei ☐
Fólk?	Já ☐	Nei ☐

Nei við báðum

Já við öðru hvoru

STENST

STENST EKKI

Spyrjið líka að þessu fyrir öll börn:

Hefur barnið farið í heyrnarmælingu?

Já

Nei

Hvaða niðurstöður komu úr heyrnarmælingunni? (veldu eitt):
Heyrn innan eðlilegra marka ☐
Heyrn neðan eðlilegra marka ☐
Niðurstöður ófullnægjandi eða ekki afdráttarlausar ☐

3. Leikur _____ þykjustu- eða ímyndunarleiki?

Já

Nei

Nefndu dæmi um þykjustuleiki hans/hennar.
(Ef foreldri gefur ekki eitt af dæmunum um
STENST hér að neðan, spurðu þá um hvert og
eitt þeirra).

Gerir hann/hún einhvern tíma eitthvað eins og að ...

Þykjast drekka úr **leikfangabolla**?

Já ☐ Nei ☐

Þykjast borða með **leikfangaskeið** eða gaffli?

Já ☐ Nei ☐

Þykjast tala í síma?

Já ☐ Nei ☐

Þykjast gefa dúkku eða tuskudýri að borða
alvöru- eða þykjustumat?

Já ☐ Nei ☐

Ýta bíl eins og að hann sé að keyra eftir þykjustuvegi?

Já ☐ Nei ☐

Þykjast vera vélmenni, flugvél, ballerína, eða
einhver önnur uppáhaldsfígúra?

Já ☐ Nei ☐

Setja pott á þykjustueldavél?

Já ☐ Nei ☐

Hræra í þykjustumat?

Já ☐ Nei ☐

Setja playmo, legokall, eða dúkku í leikfangabíl
eins og hann/hún væri ökumaður eða farþegi?

Já ☐ Nei ☐

Þykjast ryksuga teppið, sópa gólfið, eða slá grasið?

Já ☐ Nei ☐

Annað (lýstu):

Já ☐ Nei ☐

Já við einhverju

Nei við öllu

STENST

STENST
EKKI

4. Finnst _____ gaman að klifra?

Já

Nei

Nefndu dæmi um eitthvað sem honum/henni finnst gaman að klifra í eða á. (*Ef foreldri gefur ekki eitt af dæmunum um STENST hér að neðan, spurðu þá um hvert og eitt þeirra*).

Finnst honum/henni gaman að klifra í/á ...

Tröppum?	Já ☐	Nei ☐
Stólum?	Já ☐	Nei ☐
Húsgögnum?	Já ☐	Nei ☐
Leiktækjum	Já ☐	Nei ☐


Já við einhverju
hér að ofan

Nei við öllu

STENST

**STENST
EKKI**

5. Sýnir _____ óvenjulegar fingrahreyfingar nálægt augunum?



6. Bendir _____ með einum fingri til að biðja um eitthvað eða til að fá hjálp?

Já

STENST

Nei

Ef það er eitthvað sem barnið vill og er utan seilingar, eins og snakk eða leikfang, hvernig nær hann/húní það? (Ef foreldri gefur ekki eitt af dæmunum um STENST hér að neðan, spurðu þá um hvert og eitt þeirra).

Gerir hann/hún eitthvað af eftirtöldu:

Teygir sig í átt að hlutum með allri hendinni?

Já ☐

Nei ☐

Leiðir þig að hlutum?

Já ☐

Nei ☐

Reynir sjálfur/sjálf að ná í hlutinn?

Já ☐

Nei ☐

Biður um hlutinn með því að nota orð eða hljóð?

Já ☐

Nei ☐

Já við einhverju hér að ofan

Nei við öllu hér að ofan

Ef þú segðir „sýndu mér“, myndi hann/hún benda á það?

Já

STENST


Nei

**STENST
EKKI**


7. * Ef spyrjandi hefur rétt lokið við að fara í gegnum spurningu 6, byrjaðu hér:

Við vorum að tala um bendingar til þess að *biðja* um eitthvað,


SPURÐU ALLA → Bendir _____ með einum fingri til þess að sýna þér eitthvað áhugavert?




8. Hefur _____ áhuga á öðrum börnum?




9. Sýnir _____ þér hluti með því að koma með þá til þín eða að halda þeim á lofti svo þú getir séð þá? Ekki bara til að fá hjálp, heldur til að deila með þér?



10. Bregst _____ við nafninu sínu þegar þú kallar?



11. Þegar þú brosir til _____, brosir hann/hún til baka?



12. Kemur hversdagslegur hávaði _____ í uppnám?

Já

Nei

Bregst barnið neikvætt við hljóðum frá ...

Uppþvottavél?	Já ☐	Nei ☐
Grátandi smábörnum?	Já ☐	Nei ☐
Ryksugu?	Já ☐	Nei ☐
Hárþurrku?	Já ☐	Nei ☐
Bílaumferð?	Já ☐	Nei ☐
Kveinandi eða organdi smábörnum?	Já ☐	Nei ☐
Háværri tónlist?	Já ☐	Nei ☐
Símhringingu/dyrabjöllu?	Já ☐	Nei ☐
Háværum stöðum eins og matvörubúð eða veitingastað?	Já ☐	Nei ☐
Annað (lýstu):	Já ☐	Nei ☐

Já við tveimur
eða fleiri

Hvernig bregst barnið við
þessum hávaða? (*Ef foreldri
gefur ekki eitt af STENST
dæmunum hér að neðan, spurðu
þá um hvert og eitt þeirra*).

Gerir barnið eitthvað af eftirtöldu:
(Að neðan eru STENST svör)

Tekur rólega fyrir eyrun?	Já ☐	Nei ☐
Segir þér að honum/henni líkar ekki hávaðinn?	Já ☐	Nei ☐

Gerir barnið eitthvað af eftirtöldu:
(Að neðan eru STENST EKKI svör)

Öskrar?	Já ☐	Nei ☐
Grætur?	Já ☐	Nei ☐
Tekur fyrir eyrun í uppnámi?	Já ☐	Nei ☐

Já aðeins við STENST
dæmi (dæmum)

Já við bæði STENST og STENST EKKI dæmum

Já aðeins við
STENST EKKI
dæmi (dæmum)

Hvað af þessu gerir hann/hún oftast?


STENST
svar

STENST EKKI
svar


STENST

**STENST
EKKI**


13. Gengur _____ ?




14. Horfir _____ í augun á þér þegar þú talar við hann/hana, leikur við hann/hana, eða klæðir hann/hana?



15. Reynir _____ að herma eftir því sem þú gerir?



16. Þegar þú snýrð höfðinu til þess að horfa á eitthvað, horfir _____ í kringum sig til þess að sjá hvað þú ert að horfa á?



17. Reynir _____ að fá þig til þess að horfa á sig?

Já

Nei

Nefndu dæmi um hvernig hann/hún myndi reyna að fá þig til þess að horfa á sig. *(Ef foreldri gefur ekki eitt af STENST dæmunum hér að neðan, spurðu þá um hvert og eitt þeirra).*

Gerir hann/hún eitthvað af eftirtöldu:

Segir „sjáðu“ eða „sjáðu mig“?

Já ☐ Nei ☐

Bablar eða gefur frá sér hljóð til þess að fá þig til þess að horfa á það sem hann/hún er að gera?

Já ☐ Nei ☐

Horfir á þig til þess að fá viðbrögð eða hrós?

Já ☐ Nei ☐

Heldur áfram að horfa til þess að athuga hvort þú sért að horfa?

Já ☐ Nei ☐

Annað (lýstu):

Já ☐ Nei ☐


Já við einhverju

Já við engu


STENST

**STENST
EKKI**

18. Skilur _____ þegar þú segir honum/henni að gera eitthvað?



19. Þegar eitthvað nýtt gerist, horfir _____ framan í þig til þess að sjá hvað þér finnst um það?



20. Finnst _____ hreyfileikir skemmtilegir?

